

Nd.

233. Frumvarp til laga

[117. mál]

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í 4. gr. laganna falli niður ákvæði stafliðs i.

2. gr.

Í 6. gr. laganna falli niður ákvæði stafliðs d.

3. gr.

Í 8. gr. laganna falli niður ákvæði stafliðs d.

4. gr.

Í 10. gr. laganna falli niður tilvísanir til stafliða d.

5. gr.

Í 12. gr. laganna falli niður tilvísanir til stafliða d.

6. gr.

a. Ákvæði d-liðs 1. málsg. 14. gr. laganna falli niður.

b. Á eftir 1. málsg. sömu lagagr. komi ný málsgrein, svofelld:

Heimilt er að synja manni um skipstjóraréttindi samkvæmt 1. málsgrein, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

7. gr.

a. Ákvæði d-liðs 16. gr. laganna falli niður.

b. Aftan við sömu lagagr. komi ný málsgrein, svofelld:

Heimilt er að synja manni um stýrimannaskírteini samkvæmt 1. málsgrein, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

8. gr.

Í 23. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

9. gr.

Í 25. gr. laganna falli niður ákvæði e-liðs.

10. gr.

Í 27. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

11. gr.
a. Í 29. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.
b. Á eftir 1. málsg. komi ný málsg., svofelld:
Heimilt er að synja manni um skirteini samkvæmt 1. málsgrein, ef ákvæði
2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

12. gr.
Í 32. gr. laganna falli niður ákvæði b-liðs.

13. gr.
Í 34. gr. laganna falli niður ákvæði b-liðs.

14. gr.
Í 36. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

15. gr.
Í 38. gr. laganna falli niður ákvæði e-liðs.

16. gr.
Í 40. gr. laganna falli niður ákvæði d-liðs.

17. gr.
Í 42. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

18. gr.
Í 44. gr. laganna falli niður ákvæði b-liðs.

19. gr.
52. gr. laganna falli niður.

20. gr.
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram samhliða frv. á þskj. 217, um breytingu á almenn-
um hegningarlögum, enda stendur það í nánum tengslum við það frv.

Í frv. þessu er fjallað um atvinnuréttindi við siglingar. Meginreglan er sú
samkvæmt frv., að óflekkað mannorð skiptir engu máli við þessi réttindi, og er
ekki lagt til, að refsíðómur geti tálmað því, að maður fái slík réttindi. Frá þessu
víkur þó um hin mikilvægustu réttindi þessarar tegundar, sbr. 14., 16. og 29. gr.
laganna (6., 7. og 11. gr. frv.). Um þau er horfið frá kröfu um óflekkað mannorð,
en í stað þess kemur tilvísun til ákvæða 2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga
með sama hætti og gert er í frv. um breytingu á lögum um niðurjöfnunarmenn
sjótjóns o. fl. lögum.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar fyrir frv. til laga um breytingu
á almennum hegningarlögum, þar sem reifuð eru í heild sinni þau sjónarmið, sem
liggja til grundvallar þeirri endurskoðun, sem hegningarlaganefnd hefur nú fram-
kvæmt á lagaákvæðum um ýmis atvinnuréttindi.